



# SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

## 1. skólaráðsfundur 29.9. 2022 kl 15:00 – 16:00

**Fundarstjóri og ritari:** Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

**Mættir:** Ísabella Ólafsdóttir, Haukur Freyr Ólafsson, Linda Ösp Grétarsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Hólmfríður Þórisdóttir, Stefán Arnarson og Ingibjörg Magnúsdóttir

1. **Skipulag og áherslur vetrarins 2022-2023**, ákveðið að funda á fimmtudögum frá kl 15 til 16. Búið er að koma með drög að dagsetningum. 3. nóvember, 1. desember, 9. febrúar, 30. mars og 11. maí. Fyrsti desember gekk ekki upp hjá einum fulltrúa foreldra því verður sá fundur færður til. Fundin verður ný tímasetning á næsta fundi skólaráðs.

**Fulltrúi nemenda – Ísabella Ólafsdóttir**

**Fulltrúi nemenda – Haukur Freyr Ólafsson**

**Fulltrúi foreldra/grenndarsamfélags -**

**Fulltrúi foreldra – Linda Ösp Grétarsdóttir**

**Fulltrúi foreldrafélags – Borghildur Sverrisdóttir**

**Fulltrúi kennara – Hólmfríður Þórisdóttir**

**Fulltrúi kennara – Jónína Dögg Loftsdóttir**

**Fulltrúi annars starfsfólks – Jóhanna Inga Hjartardóttir**

**Skólastjóri - Ingibjörg Magnúsdóttir**

**Fulltrúi félagsmiðstöðvar – Stefán Arnarson**

2. Kjör skólaráðs fyrir veturinn, **val á grenndarfulltrúa**. Búið er að velja alla fulltrúa í skólaráð nema það vantar ennþá einn fulltrúa foreldra eða úr grenndarsamfélaginu. Inga ætla að senda póst á foreldrahópinn og óska eftir fulltrúa.
3. **Haustfundir – líðanfundir**, ánægja er með líðanfundum sem byrjuðu síðasta haust og eru fyrir foreldra nemenda sem eru saman í árgangi. Búið er að funda með foreldrum í 7. bekk og aðrir líðanfundir fara af stað á næstu vikum. Sendar verða tilkynningar fljótlega á foreldra varðandi fundina.
4. **Viðmiðunarstundaskrá**, farið var yfir viðmiðunarstundaskrá skólans og uppbygging hennar útskýrð. Fundurinn gaf sitt samþykki fyrir viðmiðunarstundaskrá skólans fyrir árið 2022-2023.
5. **Lýðræðisþing 3. nóvember**, stefnt er að því að vera með lýðræðisþing í nóvember fyrir nemendur í Skarðshlíðarskóla. Skólaráði leist vel á þá hugmynd. Stefnt er að því að hvert stig haldi sitt þing og skili niðurstöðum til stjórnenda. Útbúinn verður lýðræðisveggur þar sem helstu niðurstöður verða settar fram t.d. hvað eru skammtímamarkið, langtímamarkmið og hverju er ekki hægt að bregðast við. Þessi hugmynd verður kynnt fyrir starfsfólki skólans og umsjónarkennarar verða beðnir um ræða við sinn hóp og óska eftir efni frá þeim til að ræða á þinginu, fá að heyra hvað hvílir á nemendum og hvaða umræðuefni þau vilja taka fyrir. Síðar er stefnt að því að vera með lýðræðisþing með foreldrum því það er mikilvægt að rödd allra heyrir.

6. **Brunaæfing 14.okt** – stefnt er að því að vera með æfingu þann dag. Verið er að æfa réttar leiðir og viðbrögð nemenda. Þá er stefnt að því að stytta þann tíma sem það tekur að tæma skólann. Við viljum vera undir 5 mínútum.

#### 7. Önnur mál

- a. Leiklistarkennsla á unglingastigi – nemandi upplifir að ekki sé nógu mikil leiklist kennd, þetta hafi meira verið upphitunaræfingar og jóga, hefði viljað fá að leika meira og setja upp leikþætti. Inga ætlar að ræða við kennarann.
- b. Heimasíða skólans, það er ýmislegt sem þarf að bæta á henni t.d. þarf að uppfæra upplýsingar um skólaráðið og það vantar inn fundargerðir frá síðasta skólaári. Fulltrúi foreldra ætlar að senda ábendingar varðandi heimsíðuna á skólastjóra. Þarf að fara yfir heimasíðuna og athuga hvað þarf að uppfæra.
- c. Fulltrúi foreldra kom með fyrirspurn um opnun milli stofa á miðstigi. Fram kom í máli viðkomandi að nemendur upplifa mikinn hávaða og koma þreyttir heim því það séu mikil læti í tímum. Skólastjóri bent á að þetta væri misjafnt milli árganga hversu mikil opnunin væri og hvernig kennara vinna með rýmið. Stefna skólans er að vera með þetta sveigjanlegt, stundum geti verið opið, stunum lokað og það fari eftir verkefnum og nemendahópum hvernig unnið er með þau. Bent var á að hægt væri að ræða málið við viðkomandi umsjónarkennara á viðtalsdegi og fá upplýsingar frá foreldrahópnum í heild á líðanfundum sem eru framundan.

Næsti fundur 3.nóvember 2022 kl 15:00